

Samþykkt fyrir bæjarráð

Um verkefni bæjarráðs

1. gr.

Meginverkefni bæjarráðs Fljótsdalshéraðs er framkvæmdar- og fjármálastjórn Fljótsdalshéraðs í umboði bæjarstjórnar Fljótsdalshéraðs eftir því sem nánar segir í samþykkt þessari sem gerð er í samræmi við Samþykkt um stjórn Fljótsdalshéraðs og fundarsköp bæjarstjórnar.

2. gr.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdar- og fjármálastjórn sveitarfélagsins að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin. Bæjarráð gerir árlega starfsáætlun og hefur umsjón með stjórnslu sveitarfélagsins, undirbúningi árlegrar fjárhagsáætlunar, semur drög að fjárhagsáætlun bæjarsjóðs, stofnana hans og fyrirtækja að fengnum tillögum hlutaðeigandi nefnda og stjórna og leggur þau fyrir bæjarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Bæjarráð hefur eftirlit með að ársreikningar bæjarsjóðs séu samdir og þeir ásamt ársreikningum stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins lagðir fyrir bæjarstjórn til afgreiðslu, svo sem sveitarstjórnarlög mæla fyrir um. Nefndin fylgist með því að stofnanir sem undir hana heyra vinni að settum markmiðum, veiti góða þjónustu og starfsemin sé skilvirk og hagkvæm. Þá fer bæjarráð með yfirumsjón kjaramála starfsmanna þegar það á við.

Bæjarráð fer með eftirlit með fjármálum og leitar leiða til hagræðingar í rekstri ásamt því að meta veitta þjónustu m.t.t. fjármagns sem er til ráðstöfunar.

Bæjarráð úrskurðar um heimild til endurupptöku mála skv. 56. gr. Samþykktar um stjórn og fundarsköp Fljótsdalshéraðs.

3. gr.

Bæjarráð hefur yfirumsjón með:

1. bæjarsjóði,
2. A-hlutafyrirtækjum Fljótsdalshéraðs,
3. gerð starfsáætlana og fjárhagsáætlana nefnda Fljótsdalshéraðs,
4. félagslegu húsnæði skv. lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins nr. 97/1993 og lögum um húsnæðismál nr. 44/1998 ásamt reglugerðum sem byggja á þeim,
5. leyfisveitingum sem eru ekki faldar öðrum svo sem samkvæmt lögum,
6. framkvæmd og fjárhagsramma verkefna sem tengjast stuðningi við atvinnulíf sveitarfélagsins,
7. kjaramálum starfsmanna Fljótsdalshéraðs.

4. gr.

Bæjarráð starfar í samræmi við eftirfarandi samþykktir bæjarstjórnar Fljótsdalshéraðs:

- A Stefnu Fljótsdalshéraðs,
- B jafnréttisstefnu Fljótsdalshéraðs,
- C aðrar samþykktir bæjarstjórnar sem á hverjum tíma tengjast starfsemi nefndarinnar.

5. gr.

Bæjarráð hefur af hálfu Fljótsdalshéraðs eftirlit með fyrirtækjum, stofnunum og samtökum þar sem bærinn á verulega hlutdeild í rekstrinum. Leggja skal áætlun um afkomu og rekstur fyrir bæjarráð og kynna ársreikninga og ársskýrslur í bæjarráði svo fljótt sem auðið er eftir kynningu í stjórn.

Um skipan bæjarráðs

6. gr.

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum og síðan á árs fresti kjósa þrjá bæjarfulltrúa í bæjarráð til eins árs og þrjá til vara. Bæjarstjórn kýs formann og varaformann. Aðalmenn í bæjarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn í bæjarráð.

Framboðslisti sem fulltrúa á í bæjarstjórn en ekki í bæjarráði má tilnefna bæjarfulltrúa til setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt.

Forfallist aðal og varamenn eða áheyrnarfulltrúi í bæjarráði er heimilt að kalla inn varamenn af sama framboðslista í þeirri röð sem þeir skipuðu framboðslistann.

7. grein

Formaður bæjarráðs stjórnar fundum og sér um að allt fari þar löglega og skipulega fram. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar ráðsins. Fundarmönnum er skylt að lúta valdi formanns að því er varðar fundarsköp og góða reglu.

8. gr.

Bæjarráð heldur að jafnaði fundi annan, fjórða og e.t.v. fimmta miðvikudag í mánuði kl. 16.00. Aukafundi skal halda eftir þörfum að ákvörðun formanns eða ef a.m.k. tveir bæjarráðsmenn óska þess.

9. gr.

Auk bæjarstjóra sitja að jafnaði fjármálastjóri og skrifstofu- og starfsmannastjóri fundi bæjarráðs með málfrelsi og tillögurétt. Heimilt er að boða aðra á fundi ráðsins til viðræðna um tiltekin mál. Forseti bæjarstjórnar hefur alltaf seturétt á fundum ráðsins með málfrelsi og tillögurétt.

Um yfirstjórn bæjarráðs

10. gr.

Bæjarstjóri, í umboði bæjarstjórnar, ræður fjármálastjóra og starfsmanna- og skrifstofustjóra og veitir þeim lausn frá störfum í samráði við bæjarráð. Fjármálastjóri annars vegar og starfsmanna og skrifstofustjóri hins vegar ráða í önnur störf á sviði stjórnsýslu og fjármála í samræmi við heimildir í fjárhagsáætlun.

11. gr.

Bæjarráð gerir starfsáætlun í samræmi við úthlutaðan fjárhagsramma fyrir næsta starfsár vegna málaflokka sinna. Tillögur um breytingar á þjónustu eða gjaldskrá þar sem þær liggja fyrir skal skýra og rökstyðja sérstaklega og þurfa samþykki bæjarstjórnar.

Fjármálastjóri leggur fram í ráðinu til kynningar og umfjöllunar tillögu að fjárhagsáætlun bæjarráðs, í samstarfi við bæjarstjóra, sem ráðið skal meta og staðfesta að sé í samræmi við starfsáætlun og markaða stefnu.

12. gr.

Formaður bæjarráðs er í forsvari fyrir bæjarráð um stefnumótun og ákvarðanir hennar eftir því sem við á. Bæjarstjóri og eftir atvikum fjármálastjóri og starfsmanna og skrifstofustjóri bera ábyrgð á stjórn og rekstri verkefna ráðsins.

Um fundarsköp bæjarráðs

13. gr.

Um fundarsköp á fundum bæjarráðs gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn Fljótsdalshéraðs og fundarsköp bæjarstjórnar.

Bæjarstjóri undirbýr bæjarráðsfundi í samráði við formann bæjarráðs og sér um að ráðið sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. einum sólarhring fyrir fund.

Í dagskrá skal vísað til gagna um þau fundarefni sem til umfjöllunar eru eftir því sem kostur er. Hægt er að boða til fundar með styttri fyrirvara með samþykki allra bæjarráðsmanna og

skal það bókað í upphafi fundar. Óski bæjarráðsmaður eftir að taka mál á dagskrá skal hann tilkynna formanni það skriflega eða með rafrænum hætti með tillögu eða fyrirspurn eigi síðar en á hádegi þremur dögum fyrir fund. Heimilt er að taka mál til meðferðar í bæjarráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá, ef meirihluti viðstaddra bæjarráðsmanna samþykkir það. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver bæjarráðsmaður óskar þess.

Fundir bæjarráðs eru að jafnaði haldnir fyrir luktum dyrum og er óheimilt að greina frá ummælum einstakra fundarmanna á fundum. Fundur er lögmætur ef meira en helmingur bæjarráðsmanna er á fundi. Bæjarráð getur enga bindandi ályktun gert nema fundur sé lögmætur.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema formaður eða bæjarráð ákveði annað. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Skylt er að vísa máli til úrskurðar bæjarstjórnar ef a.m.k. tveir nefndarmenn óska eftir því með bókun.

Formaður sér um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók og í tölvu og að allar samþykktir séu bókaðar nákvæmlega.

14. gr.

Um ritun fundargerða bæjarráðs gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar, sbr. Samþykktir um stjórn Fljótisdalshéraðs og fundarsköp bæjarstjórnar.

Ritari bæjarráðs skal færa í gerðabók númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók dagskrá fundar, upphafstíma fundar, fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerðar. Viðstaddir fundarmenn skulu rita nöfn sín í gerðabók í fundarlok.

Í tölvuskráða fundargerð skal færa

1. fundartíma og fundarstað,
2. nöfn aðalmanna og varamanna sem sækja fundinn,
3. nöfn starfsmanna sem sækja fundinn,
4. heiti og númer fundarefna sem tekin eru fyrir,
5. stutta lýsingu á hverju fundarefni,
6. bókanir ráðsins eða einstakra fundarmanna um fundarefni þar sem það á við og
7. í fundargerð skal einnig koma fram ef fundarmenn víkja af fundi eða koma til fundar eftir að hann hefst.

Í lok fundarins skal tölvuskráð fundargerð prentuð og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal formaður og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerðar sem tölusettar skulu í áframhaldandi töluröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

Undirritaðar fundargerðir skulu varðveittar hjá skjalastjóra sem sér um að birta fundargerðir á vefsíðu sveitarfélagsins. Skrifstofu- og starfsmannastjóri ásamt bæjarstjóra bera ábyrgð á að tilkynna aðilum mála, sem afgreidd eru í bæjarráði, um málalok.

Um hæfi og skyldur bæjarráðsmanna og starfsmanna bæjarráðs

15. gr.

Um hæfi bæjarráðsmanna gilda ákvæði 19. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, II. kafla stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og Samþykktar um stjórn Fljótsdalshéraðs og fundarsköp bæjarstjórnar.

Um hæfi starfsmanna bæjarráðs gilda ákvæði II. kafla stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

16. gr.

Bæjarráðsmönnum er skylt að sækja alla bæjarráðsfundi nema lögmæt forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé bæjarráðsmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföll til formanns og boða varamann sinn á fund.

Bæjarráðsmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst áfram eftir að bæjarráðsmaður lætur af þeim störfum. Þetta ákvæði á einnig við um aðra fundarmenn.

Málsmeðferðareglur bæjarráðs

17. gr.

Við meðferð mála hjá bæjarráði, er varða rétt og skyldu aðila að stjórnarsýslumáli, skulu bæjarráðsmenn og starfsmenn gæta ákvæða stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Bæjarráð skal gæta að leiðbeiningarskyldu varðandi þau erindi sem eru til meðferðar hjá ráðinu. Þá skulu ákvarðanir vera teknar svo fljótt sem unnt er eftir að mál hefur verið nægjanlega upplýst.

Við úrlausn mála skal gæta samræmis, jafnræðis og meðalhófs skv. stjórnarsýslulögum nr. 37/1993. Aðili máls skal eiga þess kost að tjá sig um efni máls fyrir starfsmönnum bæjarráðs áður en tekin er ákvörðun, enda liggi ekki fyrir í gögnum málsins afstaða hans og rök.

Aðili máls á rétt á því að kynna sér skjöl og önnur gögn er varða mál hans með þeim takmörkunum sem getið er um í 16. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og upplýsingalögum nr. 50/1996.

Ákvörðun bæjarráðs skal tilkynnt aðila máls. Hafi umsókn aðila verið hafnað eða ekki tekin til greina að öllu leyti skal fylgja tilkynningunni rökstuðningur eða leiðbeiningar um heimild

aðila til að fá ákvörðun rökstudda. Einnig skulu fylgja leiðbeiningar um kæru- og endurupptökuheimild og fresti til að kæra eða endurupptaka mál.

Heimildir til fullnaðarákvarðana

18. gr.

Bæjarráði er heimilt að afgreiða án staðfestingar bæjarstjórnar mál á verksviði þess ef

1. lög eða eðli máls mæla ekki sérstaklega gegn því,
2. þau varða ekki fjárhag sveitarfélagsins umfram það sem kveðið er á um í starfs- og fjárhagsáætlun og
3. þau víkja ekki frá stefnu bæjarstjórnar í veigamiklum málum.

Bæjarráð felur bæjarstjóra, skrifstofu- og starfsmannastjóra og fjármálastjóra fullnaðarafgreiðslu mála sem hún hefur mótað reglur um og samþykktar hafa verið af bæjarstjórn.

Mál sem skrifstofu- og starfsmannastjóri og fjármálastjóri afgreiða skulu kynnt í bæjarráði.

Endurupptaka máls

19. gr.

Eftir að bæjarráð eða starfsmenn þess hafa tekið ákvörðun og hún verið tilkynnt, á aðili máls rétt á því að mál sé tekið fyrir að nýju ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ef íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem hafa breyst verulega frá því að ákvörðun var tekin. Endurupptaka er heimil innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina.

Aðili máls skal beina kröfu um endurupptöku máls til bæjarráðs.

Stjórnsýslukæra

20. gr.

Aðila máls er heimilt að kæra ákvörðun bæjarráðs eða starfsmanna þess til æðra stjórnvalds sem við á til þess að fá ákvörðun fellda úr gildi eða henni breytt nema annað leiði af lögum eða venju.

Kæra skal borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðun bæjarráðs eða starfsmanna þess, nema lög leiði til annars frests. Stjórnsýslukæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar meðan málið er til meðferðar nema æðra stjórnvald mæli svo fyrir.

Gildi samþykktarinnar

21. gr.

Samþykkt þessi tekur gildi með staðfestingu bæjarstjórnar 7. júlí 2010.